

Nr. 12/1899:

Kristján Á. Einarsson
gegnOlgeir Friðgeirssyni fyrir hönd
Örum & Wulffs verzlunar.

D ó m u r :

Með samningi, dags. 1. desbr. 1897, skuldbatt áfrýjandinn Kristján Á. Einarsson í Vik sig til þess að skila innan 15. júní 1898 til verzlunar stefnda velverkuðum 4500 pd. af saltfiski, sem þennan sama dag (1. des. 1897) voru færð honum til innleggs við verzlunina í reikningi hans þar. Skyldi áfrýjandinn, er hann skilaði fiskinum vorið ettir, fá það verð fyrir hann, er þá gilti við verzlunina, en »auðvitað«, eins og segir í samningnum, skyldi þá færa honum jafnframt til útgjalda þá upphæð er honum nú (er samningurinn var gjörður) væri talin til inngjalda. Ef brestur yrði á uppfylling samningsins, skyldi öll skuld áfrýjanda við verzlunina fallin þegar í stað í gjalddaga, og risi mál út af skuldinni skyldi áfrýjandi skyldur að mæta fyrir gestarétti Suður-Múlasýslu að Búðum í Fáskrúðsfirði og greiða allan málskostnað, svo stefndi yrði að öllu skaðlaus.

Með því að áfrýjandinn ekki hafði 29. ágúst 1898 lagt inn við verzlunina meira en 945 pd. af saltfiski í stað 4500 pd., var mál þetta höfð að gegn honum og öll skuld hans við verzlunina heimtuð af honum, og var málið dæmt í gestarétti Suður-Múlasýslu 29. sept. 1898 með þeim úrslitum, að áfrýjandinn skyldi greiða til verzlunar

stefnda kr. 225,06, eins og stefnandinn hafði krafist, og 15 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfir dómsins með stefnu, dags. 16. marz þ. á., og hefir þess verið krafist af hans hálfu hér fyrir réttinum, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt þannig, að áfrýjandi verði að eins dæmdur til að greiða verzlun stefnda 8 kr. 8 aura, en að stefndi verði dæmdur til að greiða allan málskostnað. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur í 40 króna málskostnað eða aðra hæfilega upphæð eftir mati réttarins.

Hinn stefndi verzlunarstjóri hefir í málinu lagt fram viðskiftareikning áfrýjandans við verzlun þá, er hann veitir forstöðu, og er krafa hans í málinu byggð á þessum reikningi, en eftir honum skuldaði áfrýjandi verzluninni, þegar málið var höfðað, 225 kr. 68 a. Áfrýjandinn hefir fundið það að þessum reikningi — og um það atriði er allur ágreiningurinn í málinu — að þar eru áfrýjanda færðar til útgjalda aftur sumarið 1898 217 kr. 50 a. — sem honum voru færðar til inntektar 1. des. árið áður samkæmt áður nefndum samningi, er gjörður var þann dag, fyrir 4500 pd. af saltfiski — jafnframt og honum var talin til inngjalda borgun fyrir þau 945 pd. af saltfiski er hann þá (sumarið 1898) lagði inn upp í þau 4500 pd., er hann hafði skuldbundið sig til að skila (∴ leggja inn í verzlunina) Þessi reikn-

ingsfærsla var, þó óvenjuleg megí heita, samt sem áður fullkomlega rétt samkvæmt oftnefndum samningi 1. des. 1897, og aðfinsla áfrýjanda við reikninginn út af þessu er því algjörlega ástæðulaus. Upphæðin 217 kr. 50 a., sem var færð áfrýjanda til inngjalda 1. des. 1897, fyrir hinn lofaða fisk, 4500 pd., átti samkvæmt samningnum að færast til útgjalda aftur, þegar áfrýjandi legði fiskinn inn í verzlunina vorið eftir, og sá fiskur væri reiknaður honum til inngjalda með þáverandi verði við verzlunina, og er þá auðvitað, að upphæðin átti engu síður að færast aftur til útgjalda, ef áfrýjandi eigi hélt skuldbinding sína, að leggja fiskinn inn, eins og raun varð á. Þar sem þannig þessi mótbára áfrýjanda gegn kröfu stefnda er eigi á rökum byggð og þar sem áfrýjandi eigi hefir að öðru leyti haft neitt við kröfu stefnda að athuga, ber að staðfesta hinn átrýjanda dóm bæði í aðalefni hans og að því er málskostnað snertir. Rétt þykir að áfrýjandi greiði stefnda í málskostnað fyrir yfirdómi 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandinn Kristján Ágúst Einarsson greiði stefnda Olgeir Friðgeirssyni fyrir hönd Örum & Wulffs verzlunar í Fáskrúðsfirði málskostnað fyrir yfirdómi með 30 krónum.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá

löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 18/1899:

Halldór Bjarnarson
 gegn
 Ásgrimi Magnússyni.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði í héraði hinn stefndi barnakennari Ásgrímur Magnússon gegn Halldóri prófasti Bjarnarsyni á Presthólum fyrir aukarétti Þingeyjarsýslu út af vanskilum á kaupgjaldi fyrir sumarið 1897. Tók þá áfrýjandinn sérstaklega fyrir formhlið málsins og krafðist þess, að málinu væri vísað frá aukaréttinum, þar sem það sem hjúamál heyrði heima fyrir lögreglurétti, en hann geymdi sér jafnframt rétt til að færa fram vörn í aðalefni málsins, ef frávísunarkrafan væri eigi tekin til greina. Með því að stefnandinn, Ásgrímur Magnússon, mótmælti frávísunarkröfunni, tók undirdómarinn þá málið undir dóm; en þó að hann ekki vildi taka til greina frávísunarkröfuna, kvað hann þó upp dóm í málinu um kröfuna, í stað úrskurðar (interlocutorium), og féll sá dómur 13. júlí í. á. og var á þá leið, að frávísunarkrafa Halldórs prófests Bjarnarsonar yrði eigi tekin til greina, og að hann skyldi greiða stefnandanum í málskostnað 10 krónur. Hið ídæmda skyldi greiða innan 14 daga frá lögbirtingu o. s. frv.

Þessi málsmeðferð af hendi undirdómarans, að